

## 7. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

**Haldinn 11. mars 2022 í þjónustumiðstöð UMFÍ í Reykjavík.**

**Mætt eru:** Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Gunnar Gunnarsson (GG), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Lárus B. Lárusson (LBL), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Gissur Jónsson (GJ) og Einar Þorvaldur Eyjólfsson (EPE) fjármála- og rekstrarstjóri UMFÍ.

**Forföll:** Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP), framkvæmdastjóri UMFÍ.

*Formaður setti fund kl. 15:13*

### 1. Upplýsingagiöf framkvæmdastjórnar og fjármálastjóra:

- Bréf frá UMFÍ til HSK vegna lottóúthlutunar.  
EPE falið að svara erindinu.
- Vorfundur, staðsetning.  
Framkvæmdastjórn, í samráði við skrifstofu, falið að finna stað á vesturhluta landsins.
- Boð til DGI á Unglingalandsmót  
Framkvæmdastjórn, í samráði við skrifstofu, falið að bjóða tveimur fulltrúum frá DGI á Unglingalandsmót 2022.
- LUF - Hugverkastofan hefur lokið afgreiðslu á máli UMFÍ gegn LUF.  
Skrifstofu falið að halda áfram með málið.
- Noregsferð  
Ferðin verður farin 23. til 27. mars næstkomandi. Um 40 þátttakendur eru skráðir í ferðina.
- Markaðskönnun - Hvað veistu um UMFÍ?  
Könnuninni er lokið. Fyrstu niðurstöður eru að berast þessa dagana.

### 2. Umræða um stöðu nefndastarfs:

- Ungmennaráð 1. Fundargerð.
- Nefnd um íþróttahéruð 1. fundargerð erindisbréf.
- Þrastarskógarnefnd 1. fundargerð.
- Ungmennabúðanefnd 5. fundargerð – handbók.
- Sjóða- og fræðslunefnd 4. fundargerð.
- Framkvæmdastjórn 7. fundargerð.

Framkvæmdastjórn bendir á að samkvæmt samþykkt þings UMFÍ á Ungmennaráð rétt á áheyrnarfulltrúa á öllum fundum stjórnar. Jafnframt leggur framkvæmdastjórn til að stjórn UMFÍ og ungmennaráð hittist árlega hið minnsta.

- Stjórn tekur undir ábendingu framkvæmdastjórnar og samþykkir að stefna að því að stjórn og ungmennaráð hittist a.m.k. árlega.

Framkvæmdastjórn leggur handbók um Ungmennabúðir fram til kynningar.

Framkvæmdastjórn leggur til að breytingar á erindisbréfi nefndar um íþróttahéruð, í samræmi við samþykkt þings, verði ræddar á stjórnarfundi.

- Stjórn samþykkir erindisbréf nefndarinnar.

Framkvæmdastjórn - Þrastarskógarnefnd

- Stjórn UMFÍ lýsir yfir áhyggjum af vanefndum leigutaka á leigusamningi. Stjórn felur framkvæmdastjórn að kanna réttarstöðu UMFÍ í málinu.
- Stjórn felur EÐE að ganga frá samningi við Skógræktarfélag Árnesinga um grísjun í Þrastarskógi á grundvelli tilboðs.

### 3. Staða verkefna

Sjá yfirlit verkefna neðst í fundargerðinni.

### 4. Erindi frá framkvæmdanefnd ULM

Framkvæmdanefnd ULM 2022 óskar eftir því við stjórn UMFÍ að skráningargjald á ULM 2022 verði 8.500 kr.

- Stjórn samþykkir að skráningargjöld á ULM 2022 verði 8.500 kr.

Framkvæmdanefnd ULM 2022 óskar eftir því við stjórn UMFÍ að framkvæmdasamningur við HSK og Sveitarfélagið Árborg verði endurnýjaður með nýjum dagsetningum.

- Samþykkt. EÐE falið að uppfæra samningana og líka samninga við aðra mótshaldara á árinu.

### 5. Vinnureglur Fræðslu- og verkefnasjóðs UMFÍ

Stjórn samþykkir framlagðar vinnureglur. Þær verða birtar á vefsíðu UMFÍ.

### 6. Nefndaskipan

Framkvæmdastjórn leggur til svohljóðandi skipan í laganefnd UMFÍ: Kristján B. Thorlacius (formaður), Þórir Haraldsson og Ragnheiður Högnadóttir.

- Stjórn samþykkir tillöguna og erindisbréf laganefndar.

**7. Tillaga um gull- og starfsmerki UMFÍ**

Stjórn samþykkir að veita fimm starfsmerki og tvö gullmerki

**8. Sala á Sigtúni 42 – húsnæðismál**

Gengið hefur verið frá sölu á hlut UMFÍ í Sigtúni 42 til Öryrkjabandalags Íslands.

GGG kynnti nokkra valmöguleika í húsnæðismálum UMFÍ.

- Bókun frá Fjárhags- og fasteignanefnd: Fjárhags- og fasteignanefnd samþykkir samhljóða að leggja það til við stjórn UMFÍ að sá valkostur að flytja starfsemi UMFÍ að Engjavegi 6 verði kannaður til hlítar áður en tekin verði ákvörðun um aðra valkosti varðandi framtíðar húsnæði UMFÍ.
- Stjórn samþykkir að veita fjárhags- og fasteignanefnd heimild til að kanna samningsgrundvöll á Engjavegi 6 og jafnframt að kanna fleiri möguleika, hvort sem er kaup eða leigu.

**9. Kynning á Stolpejakten**

MS sagði frá verkefni frá Noregi sem heitir Stolpejakten. MS mun senda meiri upplýsingar á stjórnarmenn.

*Fundi slitið kl. 18:25  
SÓJ ritaði fundargerð*

**YFIRLIT VERKEFNA**

VERKEFNI	STAÐA	ÁÆTLUÐ VERKLOK	ÁBYRGÐ
Reykir skólabúðir	Í vinnslu	1. ársfj. 2022	GGG
Húsnæðismál	Í vinnslu	1. ársfj. 2022	GGG
Markaðsátak	Í vinnslu	Mars 2022	GG
Tölvukerfi	Hafið	Lok árs 2022	GÞG
Þrastaskógur, gagnaöflun	Lokið	Mars 2022	GG
Fjárfesting á Laugarvatni	Í vinnslu	1. ársfj. 2022	GGG
Nýtt skráningarkerfi fyrir mótahald	Í vinnslu	Júní 2022	GÞG
Auglýsa eftir mótshöldurum	Ekki hafið	Maí 2022	RH

**YFIRLIT AÐGERÐARÁÆTLUNAR**

<b>VERKÞÁTTUR</b>	<b>STAÐA</b>	<b>ÁÆTLUÐ VERKLOK</b>	<b>ÁBYRGÐ</b>
Þarfagreining húsnæðis	Lokið	Febrúar 2022	Fjárhags- og fasteignanefnd
Möguleg staðsetning	Í vinnslu	Apríl 2022	Fjárhags- og fasteignanefnd
Vinnureglur sjóða	Í vinnslu	Apríl 2022	Sjóða- og fræðslunefnd
Handbók	Lokið	Febrúar 2022	Ungmennabúðanefnd
Umfjöllunarefni í Skinfxa	Í vinnslu	Apríl 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Markaðskönnun	Í úrvinnslu	Mars 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Birtingaáætlun	Í vinnslu	Apríl 2022	Útgáfu- og kynningarnefnd
Mat á mótahaldi	Ekki hafið	Apríl 2022	Móta- og viðburðanefnd
Nýtt skráningarkerfi	Í prófun	Apríl 2022	Íþróttahéruð og lottó
Greining á rekstri	Ekki hafið	Maí 2022	Ungmennabúðanefnd